

Jón Ingi Hinriksson  
Bergholt  
Mývatn

Vestmannaeyjum 20. febrúar 2019  
UST201801-034/P.V.B.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda-Bergholt Mývatnssveit**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Jóns Inga Hinrikssonar, dagsett 3. janúar 2018 með viðbótargögnum dagsett 9. janúar 2019, um leyfi til að stækka og endurnýja garðhýsi við Bergholt í Mývatnssveit.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Í 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu segir að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

#### **Lýsing verkefnis:**

Til stendur að stækka og endurnýja garðhýsi sem stendur á lóð við húsið. Stærð garðhýsisins mun verða 30 m<sup>2</sup>. Staðsetning garðhýsisins er sýnd á teikningu sem fylgdi umsókn. Framkvæmdir munu fara fram á áður röskuðu svæði. Vandað verður við frágang. Búið er að sækja um byggingarleyfi frá sveitarfélaginu og fá jákvæða umsögn. Framkvæmd færi fram í maí til september 2019.

#### **Umsagnir:**

Í samræmi við 17 gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna framkvæmdarinnar. Í umsögn Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn kemur fram að í fyrri umsögn vegna málsins, dags. 15. febrúar 2018, að fyrirhuguð bygging muni ekki raska náttúruminum, en bent á að ekki liggi skýrt fyrir hvers eðlis smáhýsið væri sem sótt væri um leyfi fyrir stækkun á. Með nýjum gögnum virðist ljóst að um sé að ræða gistihús af einhverju tagi. Hús þetta er mjög nálægt vatnsbakkanum og vekur upp spurningar um hvaða stefna hefur verið mótuð um gistihús svo nálægt vatninu, í skipulagi eða á öðrum vettvangi. Í umsögn Náttúruvannsóknastöðvarinnar kemur fram að ekki verði séð að framkvæmdin spilli náttúruminum. Náttúrufræðistofnun Íslands leggst ekki gegn framkvæmdinni enda verði lítið rask á svæðinu umfram það sem nú er.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur umrætt verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Áhrifin eru ásættanleg en framkvæmdin fer fram á áður röskuðu landi í byggð.

**Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir byggingu og endurnýjun garðhýsis á lóð Bergholts eins og lýst er hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breytingar verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki. Þess skal gætt að raska ekki óröskuðu landi við framkvæmdirnar.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Gæta skal að því að rusl og byggingarefni vegna framkvæmdarinnar fjúki ekki af framkvæmdasvæðinu og ef það gerist skal það hreinsað.
- Gæta skal þess að framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Vakin er athygli á því að bréf þetta felur ekki í sér leyfi til atvinnureksturs í húsinu.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

*Hildur Vésteinsdóttir*

Hildur Vésteinsdóttir  
Sviðsstjóri

*David Örvar Hansson*

Davíð Örvar Hansson  
Teymisstjóri